

leysa upp starfshóp um ljósleiðaralagningu sem sveitarstjórn skipaði á fundi sínum þann 4.júní 2015 til þess að vinna að undirbúningi útboðs verkefnisins. Sveitarstjórn þakkar starfshópnum gott starf.
Margrét Bjarnadóttir vék af fundi við afgreiðslu þessa liðar vegna vanhæfis.

8.Íbúafundir

Íbúafundir um kynningar á ljósleiðaralagningu í Þingeyjarsveit teknir til umræðu.

Samþykkt að halda fjóra íbúafundi fyrir júnílok vegna fyrirhugaðrar ljósleiðaralagningar. Fundartími og staðsetning auglýst í næstu viku.

Til kynningar:

- a. Fundargerð 280. fundar stjórnar Eyþings
- b. Fundargerð 839. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:04

Auglýsing um forsetakosningar

laugardaginn 25. júní 2016

Kjörstaður í Þingeyjarsveit er Ljósveitingabúð. Kjörfundur hefst kl. 10:00 og stendur a.m.k. til kl. 18:00. Samkvæmt 89. gr. laga nr. 24/2000 má ekki slíta atkvæðagreiðslu fyrr en átta klukkustundir eru liðnar frá því að kjörfundur hófst og ekki fyrr en hálf klukkustund er liðin frá því að kjósandi gaf sig síðast fram. Kjörfundi skal þó slíta í síðasta lagi kl. 22:00 á kjördag. Á kjörstað skal kjósandi gera grein fyrir sér með framvísun skilríkja eða á annan fullnægjandi hátt.

Kjörstjórn Þingeyjarsveitar

Fundargerð

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar

13.06.2016

194. fundur

sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar

haldinn í Kjarna mánudaginn 13. júní kl. 9:00

Fundinn sátu:

Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Árni Pétur Hilmarsson, Heiða Guðmundsdóttir, Eiður Jónsson í forföllum Arnórs Benónýssonar, Ragnar Bjarnason og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson.
Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Varaoddviti setti fund.

Dagskrá:

1. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 09.06.2016

Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 09.06.2016

Lögð fram fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 9. júní s.l.

Ásvaldur gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í níu liðum.

1. liður fundargerðar; Miðhvammur, deiliskipulag.
Sveitarstjórn samþykkir deiliskipulagstillöguna með þeim breytingum sem fram koma í svörum nefndarinnar og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að annast gildistöku tillögunnar eins og skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um.
2. liður fundargerðar; Þeistareykir, umsókn um stofnun lóðar.
Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að stofna lóðina í landeignaskrá Þjóðskrár.
3. liður fundargerðar; Mýlaugsstaðir, umsókn um landskipti.
Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að stofna lóðina í landeignaskrá Þjóðskrár þegar fullnægjandi gögn hafa borist.
4. liður fundargerðar; Stóru-Laugar, umsókn um landskipti.
Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að stofna lóðina í landeignaskrá Þjóðskrár.
5. liður fundargerðar; Skógar lóð, landnr. 153338, umsókn um staðfestingu

á landskiptum.

Sveitarstjórn samþykkir erindið og staðfestir framlagða skiptingu Skóga með vísun til 1. mgr. 48. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sbr. og 1 mgr. 13. gr. jarðalaga nr. 81/2004.

7. liður fundargerðar; Hringvegur í Reykjadal, umsókn um framlengingu framkvæmdaleyfis.

Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út endurnýjað framkvæmdaleyfi eins og reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi mælir fyrir um.

8. liður fundargerðar; Ófeigsstaðir og Rangá, umsókn um framkvæmdaleyfi vegna efnistöku.

Sveitarstjórn samþykkir að veita umbeðinn viðbótarfrest í allt að 60 daga og heimilar ekki frekari efnistöku en orðin er, fyrr en framkvæmdaleyfi liggur fyrir.

9. liður fundargerðar; Kröflulína 4, umsókn um framkvæmdaleyfi.

Skipulags- og umhverfisnefnd fjallaði um fyrirbyggjandi framkvæmdaleyfisumsókn og í bókun nefndarinnar kemur fram rökstudd afstaða um umsókn Landsnets vegna framkvæmdaleyfis fyrir Kröflulínu 4 og tillaga um afgreiðslu málsins.

Sveitarstjórn samþykkir umsókn Landsnets um framkvæmdaleyfi vegna Kröflulínu 4 og staðfestir bókun nefndarinnar við umfjöllun um málið í heild. Jafnframt er skipulags- og byggingarfulltrúa falið að gefa út framkvæmdaleyfið í samræmi við reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.

Fundargerðin staðfest að öðru leyti.

Ragnar Bjarnason vék af fundi við afgreiðslu 9. liðar fundargerðar Skipulags- umhverfisnefndar vegna vanhæfis.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:40

úr, þótt ljóst sé að væntanleg framkvæmd hafi fengið almenna umfjöllun hjá Skipulags- og umhverfisnefnd á fyrri stigum.

Sveitarstjórn afturkallar samþykkt sveitarstjórnar um útgáfu framkvæmdaleyfis fyrir Kröflulínu 4, dags. 28. apríl 2016, samanber 2. tl. 25. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Afturköllunin er gerð þar sem ekki liggur fyrir bókun Skipulags- og umhverfisnefndar um umsókn um framkvæmdaleyfið. Jafnframt er lagt fyrir nefndina að taka málið til umfjöllunar og afgreiðslu.

4. Fundargerð Fræðslunefndar frá 30.05.2016

Lögð fram fundargerð Fræðslunefndar frá 30. maí s.l. ásamt tillögum að verklagsreglum fyrir leikskóladeildir Þingeyjarskóla. Margrét gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í sex liðum og verklagsreglunum. *Sveitarstjórn samþykkir framlagðar verklagsreglur fyrir leikskóladeildir Þingeyjarskóla og starfestir fundargerðina.*

5. Framkvæmdasjóður ferðamannastaða – samningur um styrk

Lagður fram samningur frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða um styrk vegna uppbyggingar og endurbóta við Goðafoss. Styrkurinn er að fjárhæð 26,8 millj.kr.

Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi samning og felur sveitarstjóra að skrifa undir hann.

6. Bárðardalsvegur vestari nr. 842

Bárðardalsvegur vestari er í mjög slæmu ástandi, þar stendur grjótið í burðalaginu upp úr slitlaginu á köflum en samkvæmt upplýsingum frá Gunnari Bóassyni verkstjóra Vegagerðarinnar á Húsavík stendur einungis til að hefла og salta þann veg en engin áform munu vera uppi um að bæta efni í slitlagið þar.

Sveitarstjórn samþykkir eftirfarandi ályktun vegna slæms ástands

Bárðardalsvegur vestari.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar skorar á innanríkisráðherra,

Samgöngunefnd Alþingis og þingmenn Norðausturkjördæmis að sjá til þess að fjármagni verði veitt til þess að bæta slitlag

á Bárðardalsvegi vestari nr. 842 hið fyrsta og fyrirbyggja þannig að allur leir hreinsist af veginum með tilheyrandi slyshættu og eignatjóni.

Á næstu vikum er fyrirjafnanlegt að umferð mun stórukast í Bárðardal með auknum ferðamannastraumi, sérstaklega í kjölfar opunar Sprengisandsleiðar á næstunni.

7. Ljósleiðaratenging í Þingeyjarsveit – tilboð

Þann 31. maí s.l. voru opnuð tilboð í ljósleiðaratengingu í Þingeyjarsveit. Tilboð bárust frá tveimur bjóðendum í leið B, frá Fjarskiptum hf. (Vodafone) að upphæð 204.250.000 og frá Tengi hf. að upphæð 180.340.000. Ekkert tilboð barst í leið A. Samkvæmt mati Ríkiskaupa er tilboð Tengis hf. gilt og uppfyllir hæfiskröfur.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að taka tilboði Tengis hf. og felur sveitarstjóra ásamt Árna Péttri Hilmarssyni og Ragnari Bjarnasyni að ganga til samninga við fyrirtækið á grundvelli tilboðsins. Samþykkt að

Fundargerð
Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar
8.06.2016
193. fundur
sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar
haldinn í Kjarna miðvikudaginn 8. júní kl. 17:00

Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Árni Pétur Hilmarsson, Heiða Guðmundsdóttir, Ragnar Bjarnason og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson.

Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund. Hann óskaði eftir að bæta á dagskrá undir 2. lið; Aðalfundarboð Dvalarheimilis aldraðar sf. og undir 3. lið; Staða framkvæmdaleyfis Kröflulínu 4. Aðrir liðir færast neðar á dagskrá sem því nemur.
Samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

1. Nýtt rekstrarleyfi – Hólmavað
2. Aðalfundarboð Dvalarheimilis aldraðra sf.
3. Staða framkvæmdarleyfis Kröflulínu 4
4. Fundargerð Fræðslunefndar frá 30.05.2016
5. Framkvæmdasjóður ferðamannastaða – samningur um styrk
6. Bárðardalsvegur vestari nr. 842
7. Ljósleiðaratenging í Þingeyjarsveit – tilboð
8. Íbúafundur

1. Nýtt rekstrarleyfi – Hólmavað

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 2. júní s.l. þar sem Benedikt Kristjánsson sækir um nýtt rekstrarleyfi til sölu gistingar á Hólmavaði í Þingeyjarsveit.
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við nýtt rekstrarleyfi fyrir sitt leyti.

2. Aðalfundarboð Dvalarheimilis aldraðra sf.

Lagt fram aðalfundarboð Dvalarheimilis aldraðra sf. sem haldinn verður þann 22. júní n.k. í húsnæði félagsins, Miðhvammi á Húsavík.
Samþykkt að sveitarstjóri fari með umboð Þingeyjarsveitar á fundinum.

3. Staða framkvæmdarleyfis Kröflulínu 4

Ragnar Bjarnason vék af fundi undir þessum lið vegna vanhæfis. Fyrir liggur álit lögmanns, sem skilað hefur umsögn til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fyrir Þingeyjarsveit, að ákvörðun Þingeyjarsveitar geti verið ógildanleg vegna þess galla á málsmeðferð að ekki hafi verið gerð sérstök bókun um framkvæmdaleyfisumsókn í Skipulags- og umhverfisnefnd. Um sé að ræða formgalla, sem bæta þurfi

Kæru lesendur og auglýsendur

Hlaupastelpan kemur út á fimmtudögum og
auglýsingum þarf því að skila á þriðjudögum
fyrir kl. 15:00.☺

ATH!

Verð á auglýsingum frá og með .10 janúar 2016

Verð hálf síðu er. kr.3.200.-m.vsk
Verð heilsíðu er kr.4.300.- m.vsk

hlaupastelpan@isl.is—895-3386

Kæru auglýsendur

***Bið ykkur að virða þau tímamörk
sem ég set með skil á auglýsingum.,***

Kveðja

Dagný



Sumargöngur.

Allar göngurnar eru á þriðjudagskvöldum kl. 20:00.

- 21. júní. Hálshnjúkur, mæting við Vagli.
- 28. júní. Birkihlíð-Hólagerðistjörn-Birkihlíð, mæting við Birkihlíð.
- 5. júlí. Kamsárgil, mæting við Brekkutún.
- 12. júlí. Vaglaskógur, mæting á plani við verslun.
- 19. júlí. Gengið við Goðafoss, mæting við nýja planið austan við foss.
- 26. júlí. Gengið frá Bakkabrú í Fram-Fnjóskadal, gengið út í Tunguna og gamlar fjárréttir skoðaðar, mæting við Illugastaði og þar sameinast í bíla.

Allir velkomnir.

Sumar-göngur eru betri en aðrar göngur.

Hressandi og fræðandi útivera.

Geymið auglýsinguna og fylgist með á facebook (leitarorð sumargöngur)

Göngunefnd Kvenfélags Ljósvetninga.

Helen 8643228 og Heiða 8942990.



Geisli - Kormákur/Hvöt

4.deild C-riðill


Nú er komið að næsta heimaleik Geisla
Við þökkum kærlega fyrir stuðningin á
seinasta leik þar sem hátt í 100 manns
mættu í brekkuna.

Næsti leikur er í kvöld (16. júní)
klukkan 18:00 á Ýdalavelli.

Við vonumst til að sjá sem flesta.

Endilega mætið tímanlega og styðjið okkur
frá fyrstu mínútu

p.s. það verður sjoppa til styrktar liðsins á
staðnum (enginn posi).



Fylgist endilega með okkur á facebook:
Stuðningsmannahópur Geisla

Aðalsafnaðarfundur Hálssóknar

Verður haldinn þriðjudagskvöldið 21.júní í salnum á Illugastöðum, og kl. 20:30,
Venjuleg aðalfundarstörf.

Sóknarnefnd



Kyrrðarstundir

verða í Illugastaðakirkju á þriðjudagskvöldum frá og með 21. júní og til og með 8. ágúst. Þær hefjast kl. 20:00.

Prestarnir Bolli í Laufási, Þorgrímur á Grenjaðarstað og Jón Ómar í Glerárkirkju sjá um þær.

Allir eru velkomnir.

KJÖRSKRÁ VEGNA FORSETAKOSNINGA 2016.

Kjörskrá vegna forsetakosninga 25. júní n.k. liggur frammi á skrifstofu Þingeyjarsveitar almenningi til sýnis frá og með mánudeginum 13. júní til kjördags.

Kjörskrá er gerð samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 36/1945 um framboð og kjör forseta Íslands, sbr. lög um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 með síðari breytingum (kosningalög) og eiga allir þeir kosningarétt sem fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

- Eru íslenskir ríkisborgarar.
- Eru 18 ára þegar kosning fer fram.
- Eru skráðir með lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi þremur vikum fyrir kjördag, (4. júní 2016.)

Enn fremur eru á kjörskrárstofni þeir íslensku ríkisborgarar, sem lögheimili eiga erlendis en eiga kosningarétt samkvæmt 2. mgr. 1.gr., sbr. 2. gr. laga nr. 24/2000

Athygli er vakin á því að kjósendur geta nú kannað á vefnum kosning.is hvar þeir eru á kjörskrá.



FERMINGARGUÐSPJÓNUSTA Í ÞORGEIRSKIRKJU

Fermingarguðspjónusta verður í Þorgeirskirkju sunnudaginn 19.júní kl 11.00 Fermd verður Heiðrún Harpa Helgadóttir Vatnsenda. Kirkjukórinn syngur undir stjórn Dagnýjar Pétursdóttur. Gengið verður að borði Drottins. Verið velkomin!



Ljósleiðari í Þingeyjarsveit – kynningarfundur

Kynningafundur um lagningu ljósleiðara í Þingeyjarsveit
verður haldinn

í Ýdölum þriðjudaginn 21. júní kl. 20:00.

Tilboð í ljósleiðaratengingu í Þingeyjarsveit voru opnuð
þann 31. maí s.l. og samþykkti sveitarstjórn að taka tilboði
Tengis hf. Stefnt er á 150 tengingar á þessu ári.

Samkvæmt tilboði skal verkefninu að fullu lokið í árslok
2018. Á næstu misserum mun því heimilum, fyrirtækjum
og stofnunum í Þingeyjarsveit standa til boða að tengjast
ljósleiðaraneti.

Haraldur Benediktsson alþingismaður og formaður
stjórnar Fjarskiptasjóðs mun ávarpa fundinn. Þá mun
Steinmar H. Rögnvaldsson, fulltrúi Tengis hf. ásamt
fulltrúum sveitarstjórnar kynna verkefnið.

Íbúar eru hvattir til að mæta til fundar og kynna sér
málefnið. Í framhaldinu verða fleiri kynningarfundir
haldnir, á Breiðumýri, á Stórutjörnum og í Kiðagili, nánar
auglýst síðar.

Sveitarstjóri

24.tbl.
16. júní
2016
23. ág.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



Bjarmafréttir !

Leikjanámskeið verður á mánudagskvöldum kl. 20:00 á Bjarmavelli
fyrir öll börn á aldrinum 5 – 12 ára. Fyrsta skiptið 13. júní og síðasta
mándaginn 25. júlí.

Fótbolti er spilaður á fimmtudagskvöldum og sunnudagskvöldum
kl. 20:30 á Bjarmavelli, allir 12 ára og eldri velkomnir.

Formenn nefnda Bjarma eru beðnir að mæta eða sendi fulltrúa fyrir
sig á fund í vallarhúsinu miðvikudagskvöldið 22. júní kl. 19:00. Starfið
og hlutverk nefnda til umfjöllunar.

Vinnukvöld á Bjarmavelli miðvikudagskvöldið 22. júní kl. 20:00.
Eigum góða kvöldstund saman, snyrtum og fegrum völlinn okkar og
vallarhúsið. Allir velkomnir.

Jónsmessuganga á Hálshnjúk verður farin föstudagskvöldið 24. júní
kl. 22:00 frá Vöglum 1.

Bjarmahátíð verður 19. ágúst, nánar auglýst síðar.



FÓTBOLTAGOLF

9 holu Fótboltagolfvöllur verður opnaður á
Fljótsbakka laugardaginn 25. júní kl. 14.00

Nánar auglýst síðar.

Fótboltagolfvöllurinn á Fljótsbakka.